

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi óverulegar breytingar á deiliskipulags-áætlunum í Garðabæ:

Deiliskipulag Sjálands, Strandhverfi, (breyting samþykkt þann 7. desember 2006).

Breytingin nær til skilmála lóðarinnar Langalína 2.

Ákvæði sem breytist er 3. mgr. skipulagsskilmála og breytist sem hér segir:

Fyrir breytingu:

Heimilt er að byggja 6.000 m² að hámarki ofanjarðar á 6 hæðum, þar af skal vera minnst 300 m² verslun á 1. hæð (jarðhæð).

Eftir breytingu:

Heimilt er að byggja 6.000 m² að hámarki ofanjarðar á 6 hæðum, *æskilegt er að* þar af skuli vera minnst 300 m² verslun á 1. hæð (jarðhæð).

Deiliskipulag Hraunsholts eystra, Fitjar og Hólar, (breyting samþykkt þann 15. maí 2008).

Breytingin nær til lóðarinnar Túnfit 1 og felur í sér að byggingarreitur er stækkaður þannig að þakskegg bílskúrs má ná 1,5 m út fyrir núverandi byggingarreit bílskúrs.

Deiliskipulag Gilsbúðar 9, (breyting samþykkt þann 7. desember 2006).

Breytingin nær til lóðarinnar að Gilsbúð 9 en gildandi deiliskipulag lóðarinnar er sérstakt deiliskipulag umræddrar lóðar sem var samþykkt í bæjarstjórn þann 2. mars árið 2000. Breytingin felur í sér að nýtingarhlutfall lóðarinnar verður 0,53 í stað 0,45.

Deiliskipulag Garðahrauns, (breyting samþykkt þann 7. september 2006).

Breytingin nær til deiliskipulags Garðahrauns norðan núverandi Álftanesvegur sem mun kallast Garðahraunsvegur þegar nýr Álftanesvegur verður tekinn í notkun. Í breytingunni felst eftirfarandi:

- a. heiti gatna færð inn á uppdrátt sbr. samþykkt bæjarstjórnar á tillögu skipulagsstjóra að götuheitum 18. maí 2006;
- b. til að laga legu lóða og byggingarreita betur að úfnu hrauninu hnikast allar lóðir til og breyta nokkuð um lögun auk þess sem stærðir allra lóða breytast lítillega. Mælingar á hrauninu voru gerðar og sýndu þær fram á að nauðsynlegt var að gera breytingarnar til þess að samræmi væri við ákvæði skipulagsins en í kafla 1.3.1. í skilmálum segir: „Taka verður ríkt tillit til umhverfisins“;
- c. göngustígar lagðir nær lóðamörkum til þess að stækka ósnortin svæði í hrauninu milli lóða;
- d. göngustíg bætt við milli Hraunprýði 3 og 5 og meðfram Lyngprýði 6 en niðurstaða gatnahönnunar var sú að nauðsynlegt er að leggja stofnæð fráveitu á þessum stað;
- e. göngustígur milli Hraunprýði 7 og 9 felldur niður;
- f. göngustígur ofan í hraundæld á milli Hraunprýði, Sandprýði og Dalprýði felldur út til þess að vernda hraunið betur;
- g. lóð fyrir spennistöð HS bætt við við Garðahraunsveg (núverandi Álftanesveg);

- h. gert var ráð fyrir framlengingu Gálgahraunsvegjar til norðurs þannig að mögulegt væri að tengja fyrirhugaða byggð norðan við nýja hverfið (nú hefur bæjarstjórn reyndar ákveðið að hætta við þau áform);
- i. lítið hringtorg við gatnamót Garðahraunsvegjar og Kjarrprýði fellt niður.

Við úhlotun lóða og endanlega hönnun gatna og stíga var tekið mið af ofangreindri breytingu.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 17. desember 2008.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2009